

Skólareglur Mímis

Námsgögn

Námsgögn ekki innifalin í nemendagjöldum nema annað sé tekið fram.

Mæting

- Alltaf ber að mæta í kennslustund á réttum tíma sé þess nokkur kostur.
 - Nemendur er hvattir til að hafa í huga að það er mikið ónæði fyrir bæði kennara og nemendur þegar nemendur mæta seint í tíma.
- Sé nemandi veikur þá ber honum að tilkynna veikindi sín í Innu (www.inna.is).
- Til að nemendur geti útskrifast úr vottuðum námsbrautum frá Mími þarf að sýna fram á 80% mætingu í náminu.

Kennsluvefur

- Notast er við kennslukerfi Innu.
- Til að ská sig á Innu þarf að notast við rafræn skilríki eða íslykil.
- Nemendur sem skráðir eru í Mími skrá sig inn á Innu í gegnum eftirfarandi slóð:
<https://innskraning.island.is/?id=r.inna.is>
- Allt það sem viðkemur námi nemenda í Mími er að finna inn á kennslukerfi Innu.

Matur og drykkur

- Sjálfsalar eru staðsettir í nemendaráými.
- Óheimilt er að neyta matar og drykkjar í kennslustofum. Bent er á kaffiaðstöðu í nemendaráými til neyslu matar og drykkjar.
- Vinsamlegast gangið snyrtilega um stofur og sameiginlegt rými.

Tóbaksnotkun

- Notkun tóbaks er ekki leyfð í húsnæði Mímis, það á einnig við um munn- og neftóbak.
- Notkun sigarettna og rafsigarettna er ekki leyfð í húsnæði Mímis.
- Óheimilt er að reykja fyrir framan aðalinngang Mímis.
 - Þeir sem reykja er bent á sérstakt reyksvæði sem er staðsett í skoti fyrir miðju húsi (sunnan við aðalinngang). Þar má finna stubbahús.
- Verði nemandi uppvís að því að mæta undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna er honum umsvifalaust vísað úr námi. Viðkomandi missir rétt sinn til að stunda námið enda þótt nemandi hafi greitt fyrir námið.

Umhverfismál

- Nemendur eru hvattir til að draga sem mest úr notkun á einnota umbúðum hvað varðar mat og drykk.
 - Nemendur er hvattir til að nota margnota drykkjarmál undir kaffi og aðra drykki sem nemendur neyta í nemendaráými.
- Nemendur eru hvattir til að kynna sér vel leiðbeiningar um flokkun á sorpi í nemendaráými
 - Pappi, pappír, plast og skilagjaldskyldarumbúðir eru flokkaðar frá öðrum úrgangi.

Öryggismál

- Við inngang í skrifstofurými er hjartastuðtæki. Þá er veggspjald með leiðbeiningum um skyndihjálp hjá kaffiaðstöðu nemenda. Neyðarútgangur úr nemendaráými er inn af stofu 5 og er hann merktur með ljósaskilti. Sjúkrakassi er í eldhúsi starfsmanna í skrifstofurými. Slökkvitæki eru bæði í miðrými fyrir framan stofu og á nemendagangi.

- Meðferð eld er með öllu óheimil í húsnæði Mímis.
- Persónuleg verðmæti eru á ábyrgð eigenda.

Annað

- Óleyfilegt er að hafa kveikt á farsíma eða öðrum raftækjum sem truflað geta kennslustund, nema kennsla krefjist þess sérstaklega. Sími skal geymdur í tösku eða yfirhöfn.
- Ef nauðsynlega þarf að ná í viðkomandi, t.d. vegna barna, ber að gera kennara viðvart og má þá hafa síma á borði, hljóðlausan.
- Bílastæði Mímis eru fyrir framan innganginn.
- Hjólageymsla er staðsett syðst á bílastæði Mímis.
- Aðeins þeir nemendur sem greitt hafa námsgjöld geta stundað nám hjá Mími og útskrifast.
- Mikil áhersla er lögð á einstaklingsbundnar sóttvarnir í húsakynnum Mímis.